



Reykjavík 4. nóvember 2019

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir, 276. mál

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. 15 og 16. gr. Um Sviðslistaráð og hlutverk þess:  
Hvergi er getið aðkomu Bandalags íslenskra leikfélaga að Sviðslistaráði. Skvt. núverandi drögum er tveir fulltrúar tilnefndir af Sviðslistasambandi Íslands sem við erum ekki aðilar að. Hvergi er gert ráð fyrir að fulltrúar geti verið úr okkar röðum. Við förum þess á leit að opnað verði fyrir að okkar samtök hafi rödd innan Sviðslistaráðs.
2. 17. gr. Um Sviðslistasjóð:  
Við ítrekum fyrri athugasemdir okkar varðandi þessa grein. Úthlutun styrkja til áhugaleikfélaga hefur hingað til verið á vegum Menntamálaráðuneytisins sem hefur úthlutað skvt. tillögum stjórnar BÍL. Tillögurnar hafa miðast við úthlutunarreglur sem Bandalag íslenskra leikfélaga hefur sett sér og hefur almenn sátt verið um það fyrirkomulag. Við höfnum alfarið afskiptum atvinnumanna af þessu fyrirkomulagi og viljum að tryggt sé að ferlið sé í höndum okkar sem best þekkjum til.
3. Greinargerð:  
Prátt fyrir áður innsendar athugasemdir er enn farið rangt með heiti okkar samtaka. Í greinargerð “Um 17. gr.” er talað um Félag íslenskra leikfélaga. Hið rétta er Bandalag íslenskra leikfélaga.

Virðingarfyllt,

Hörður Sigurðarson  
framkvæmdastjóri